

Viðtakarannsóknir fráveitu við meginútrásir skólphreinsistöðvanna í Reykjavík og á Kjalarnesi

Skýrsla unnin fyrir Veitur ohf.

Nr. 2022-101, febrúar 2022

Höfundar:

Halldór Pálmar Halldórsson

Hermann Dreki Guls

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum



Útdráttur

Að beiðni Veitna fóru fram viðtakarannsóknir fráveitu við meginútrásir skólphreinsistöðvanna í Ánanaustum og Klettagörðum í Reykjavík og á Kjalarnesi sumarið og haustið 2021. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum sá um framkvæmd verkefnisins og notaði til þess rannsóknabát setursins, Sæmund fróða RE. Í júní var kræklingi safnað í fjöru við Fossá í Hvalfirði og hann settur út á tíu stöðvar við fráveiturnar, og í Saurbæjarvík í Hvalfirði til viðmiðunar. Um miðjan september, þegar kræklingurinn hafði verið úti í búrum í rúma tvo mánuði, var hann tekinn inn og eftirfarandi mælingar framkvæmdar á dýrunum: líffræðilegir þættir (s.s. vöxtur, hlutfall fitu, vatns, salts og ösku), styrkur ólífræna snefilefna og PAH efna (fjölarmatískra kolvatnsefna). Sjósýni voru einnig tekin á sex kræklingastöðvum þegar kræklingurinn var tekinn inn, til greininga á saurkólígerlum og saurkókum, svifögnum, blaðgrænu, heildar fosfór og heildar köfnunarefni. Samhliða þeim sýnatökum fóru mælingar fram á staðnum á yfirborðssýnum sjávar, þ.e. á hitastigi, súrefni, seltu og sýrustigi.

Kræklingurinn þreifst vel á öllum stöðvunum og fráveiturnar höfðu ekki neikvæð áhrif á líffræðilega þætti kræklinga. Ekki reyndust merkjanleg áhrif fráveitna á uppsöfnun snefilefnanna áls, arsens, blýs, flúors, járns, kopars, króms, kvikasilfurs, nikkels, selens, silfurs, sinks og vanadíns sem voru ávallt undir lægstu umhverfisviðmiðum í Noregi þar sem við á (sem við notum gjarnan til viðmiðunar) og áþekk því sem mælist almennt í kræklingi við Ísland. Undantekning var þó styrkur kadmíns í kræklingi nærri fráveitunum á Sundunum en hann var ívið hærri en við mátti búast, hvort sem lítið er til viðmiðunarsýna í Hvalfirði eða fyrri mælinga á kadmínstyrk í kræklingi suðvestanlands. Kadmínstyrkurinn var 2 til 3,5 sinnum hærri við fráveiturnar frá Ánanaustum og Klettagörðum (á bilinu 3 til 5,2 mg/kg þurrvigt) borið saman við viðmiðunarstöðina í Hvalfirði (banki 2: 1,5 mg/kg þurrvigt) og yfir norskum viðmiðunarmörkum (2 mg/kg þurrvigt) fyrir hrein svæði. Þess ber þó að geta að náttúrulegur bakgrunnsstyrkur kadmíns er hár við Ísland sökum eldvirkinnar og finnst víða um eða yfir norsku viðmiðunum í kræklingi hér við land. Einnig má nefna að silfur, sem á árum áður mátti rekja til fráveitnanna, mældist í ívið hærri styrk í kræklingi þetta árið borið saman við rannsókn á fráveitunum frá 2011 og í samanburði við banka 2 í Hvalfirði en styrkurinn var þó um þrefalt lægri en bakgrunnsviðmiðið í Noregi.

Sjávarhiti, súrefni, selta og sýrustig var áþekkt á öllum stöðvum og jafnframt sambærileg náttúrulegum gildum í Faxaflóa. Það sama má segja um svifagnir í sjó sem mældust á bilinu 32 til 41 mg/L. Saurkólí og saurkokkar (enterokokkar) reyndust í hæstum styrk í sjó á stöð A1 (nærri enda úrásar frá Ánanaustum; 150 og 28 í fj/100 ml) og á stöð K3 (við upphaf dreifistúts frá Klettagörðum; 380 og 68 í fj/100 ml) en öll mæld gildi voru innan marka sem kveðið er á um í reglugerð um fráveitur og skólp.

Afar lítið var af PAH efnum í kræklingunum en þeir lágu styrkir sem þó greindust má væntanlega rekja til fráveitnanna. Norsk yfirvöld hafa sett mörk um heildarstyrk PAH efna í kræklingi og fellur styrkur sýnanna til þess sem má vænta á mjög lítið menguðu svæði eða < 50 ng/g votvigtar. Hvað varðar benzo(a)pyrene, það PAH efni sem mest er fylgst með, falla öll sýnin í þann sama flokk, enda reyndust þau öll undir greiningarmörkum (0,5 ng/g votvigtar).

Með tilliti til allra mælinga sem fram fóru á Sundunum og við Kjalarnes árið 2021 má segja að lítil áhrif sjáist í grennd við fráveiturnar og að ástand svæðisins sé ásættanlegt.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
1. Inngangur.....	5
1.1. Fyrri rannsóknir	5
2. Aðferðir.....	5
2.1. Söfnun kræklings, undirbúningur búra, meðhöndlun, útsetning og ræktun kræklings.....	5
2.2. Sjósýnatökur	8
2.3. Sýnaundirbúningur, aðferðafræði efnagreininga og gæðaeftirlit.....	9
2.4. Ólífræn snefilefni og meginþættir.....	9
2.4. Mælingar á PAH eignum	9
3. Niðurstöður og umræður	10
3.1. Líffræðilegir þættir kræklings.....	10
3.2. Dánartíðni kræklings í búrum.....	10
3.3. Vöxtur og holdafar kræklings	10
Meginefnaþættir	12
3.4. Sjósýni.....	13
3.4. Ólífræn snefilefni.....	14
Ál (Al)	14
Arsen (As)	15
Blý (Pb).....	16
Flúor (F)	17
Járn (Fe)	17
Kadmín (Cd).....	19
Kopar (Cu).....	20
Króm (Cr)	20
Kvikasilfur (Hg).....	21
Nikkel (Ni)	22
Selen (Se).....	22
Silfur (Ag).....	23
Sink (Zn).....	24
Vanadín (V).....	25
4. PAH efni (fjölarómatísk kolvatnsefni).....	26
5. Samantekt.....	27
6. Heimildaskrá.....	28
7. Viðaukar	31

1. Inngangur

Að beiðni Veitna og í kjölfar útboðs fóru fram viðtakarannsóknir fráveitu við meginútrásir skólphreinsistöðvanna í Ánanaustum og Klettagörðum í Reykjavík og á Kjalarnesi sumarið og haustið 2021. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum sá um framkvæmd verkefnisins og notaði til þess rannsóknabát setursins, Sæmund fróða RE. Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls hjá Rannsóknasetrinu sáu um skipulagningu á framkvæmd þess hluta rannsókna sem snéri að útsetningu og ræktun kræklinga í búrum. Ásamt þeim sá Magnús Freyr Ólafsson, umsjónarmaður fyrir hönd Veitna, einnig um undirbúning verkefnisins og að útvega krækling og tók hann jafnframt þátt í öllum sjóferðum. Í júní var kræklingi safnað í fjöru við Fossá í Hvalfirði og hann settur út á tíu stöðvar við fráveiturnar, og í Saurbæjarvík í Hvalfirði til viðmiðunar. Um miðjan september, þegar kræklingurinn hafði verið úti í búrum í rúma tvo mánuði, var hann tekinn inn og eftirfarandi mælingar framkvæmdar á dýrunum: líffræðilegir þættir (s.s. vöxtur, hlutfall fitu, vatns, salts og ösku), styrkur ólífræna snefilefna og PAH efna (fjölárómátískra kolvatnsefna). Sjósýni voru einnig tekin á sex kræklingastöðvum þegar kræklingurinn var tekinn inn, til greininga á saurkólígerlum og saurkókkum, svifögnum, blaðgrænu, heildar fosfór og heildar köfnunarefni. Samhliða þeim sýnatökum fóru mælingar fram á staðnum á yfirborðssýnum sjávar, þ.e. á hitastigi, súrefni, seltu og sýrustigi.

1.1. Fyrri rannsóknir

Við þær rannsóknir sem hér er lýst og fóru fram árið 2021 var litið til fyrri rannsókna við útfærslu verkefnisins og til samanburðar niðurstaðna. Viðamiklar og vandaðar rannsóknir hafa áður farið fram á Sundunum við Reykjavík, bæði áður og eftir að hreinsun fráveitu hófst og farið var losa frárennsli á núverandi losunarsvæðum (Guðjón Atli Auðunsson 1992, 2001, 2005, 2015, 2015b, 2015c; Guðjón Atli Auðunsson og Hannes Magnússon 1994, 1995; Jón S. Ólafsson og Sólveig R. Ólafsdóttir 2001; Sólveig R. Ólafsdóttir 2006, 2011). Niðurstöður þessara rannsókna hafa m.a. sýnt fram á að kræklingur hentar vel til mats á ólífrænum og lífrænum aðskotaefnum, að örverur hafa greinst í hæstum styrk á tiltölulega litlu svæði við útrásarendana, að PCB-efni og önnur klórlífræn efni reyndust af almennum landrænum toga og mögulega vegna losunar með frárennsli á árum áður (en ekki í dag). Af snefilefnum hefur í fyrri rannsóknum aðeins mátt tengja silfur í kræklingi við núverandi fráveitu en þó í minna mæli en áður en núverandi losun fráveituvatns hófst (sjá Guðjón Atli Auðunsson 2015 ásamt heimildum sem þar er vísað í).

2. Aðferðir

2.1. Söfnun kræklinga, undirbúningur búra, meðhöndlun, útsetning og ræktun kræklinga

Kræklingi var safnað í fjöru við Fossá í Hvalfirði þann 24. júní 2021 og farið með þá samdægurs í Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum í Sandgerði. Til stóð að fá krækling hjá kræklingaræktendum en ekki reyndist mögulegt að fá hentuga stærð af línukræklingi. Í Sandgerði var kræklingurinn mældur og flokkaður og 20 einstaklingar á stærðarbilinu 45–50 mm settir í hvert hólfi búrana þar sem reynt var að velja eingöngu einstaklinga í góðu ástandi. Heildarfjöldi kræklinga á hverri stöð var 120 sem

deildist niður í þrjú búr. Kræklingurinn var hafður í búrunum í 4 sólarhringa í hreinum borholusjó í Sandgerði (sírennsli, 9,5°C, selta 32) en þá kemur hann sér fyrir og festir sig í búrunum. Nákvæmari lýsingu á undirbúningi búra, meðhöndlun og ræktun kræklinga í búrum má fá hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum. Þann 28. júní var kræklingnum komið fyrir á viðmiðunarstað í Saurbæjarvík innarlega í Hvalfirði en sá staður hefur reynst vel sem viðmið í öðrum sambærilegum verkefnum (sjá t.d. Hrönn Jörundsdóttir o.fl. 2014; Halldór Pálmar Halldórsson o.fl. 2017). Tólf lagnir með búrum voru útbúnar um borð í bátnum Sæmundi fróða RE 32 og kræklingnum komið fyrir á viðmiðunarstaðnum þar sem hann var hafður í þrjár vikur til aðlögunar.

Þann 11. júlí voru lagnir færðar á stöðvarnar við fráveiturnar og kræklingurinn hafður þar í rúma tvo mánuði. Lagnirnar voru teknar um borð í bátinn og fluttar í heilu lagi á hverja stöð. Passað var vel upp á að kræklingarnir löskuðust ekki við flutninginn og var þeim haldið vel rökum um borð í bátnum. Kræklingur úr einni lögn var settur strax í frysti sem viðmiðunarsýni 1 (banki 1 í upphafi tímabils), en ein lögn var höfð áfram á viðmiðunarstaðnum næstu tvo mánuðina sem viðmiðunarsýni 2 (banki 2 í lok tímabils). Allur kræklingur var hafður á 5 metra dýpi miðað við stórstraumsfjöru og einungis í Hvalfirði og í Hofsvík var einnig hafður belgur á yfirborði til endurheimtar lagna. Lagnirnar næst útrásunum voru hafðar um 50 m frá fráveiturörum í áætlaðri megin straumstefnu sjávar, þ.e. austan við útrásir á Sundunum og norðvestan við útrás frá Kjalarnesi. Þetta var gert með áætlaða hliðrun losunarstróksins úr dreifistútum útrásarlagnanna á sjávarbotninum í huga, með það fyrir augum að draga úr líkum á því að straumar beri strókinn frá kræklingalögnum. Kræklingurinn var því aðeins fjær útrásunum miðað við fyrri rannsóknir og geta niðurstöðurnar því nýst til samanburðar við eldri gögn og mögulega hægt að áætla hvort frekari áhrif sjáist með þessari uppsetningu, en áhrif fráveitnanna hafa hingað til reynst afar takmörkuð. Kræklingalögnum við útrásir frá Ánanaustum og Klettagörðum var sökkt og enginn belgur hafður á yfirborði þar sem mikil skipa- og bátaumferð er um það svæði og miklar líkur á að lagnir tapist. Í stað belgs var höfð 50 metra löng endurheimtarlína út frá hverri lögn sem síðan var slædd upp af botni. Nánari lýsingar, númer og staðsetningar sýnatökustöðva eru sýndar á meðfylgjandi kortum og í **töflu 1**.


Ákveðið var að fara í eftirlitsferð þann 18. ágúst, eftir mitt ræktunartímabilið þegar hrygningartíma kræklinga ætti að mestu að vera lokið, til að kanna ástand lagna, búra og kræklinga. Lagnirnar voru dregnar upp, búrin burstuð að utan og ásætur fjarlægðar. Dagana 15. og 16. september voru allar lagnirnar teknar upp, kræklingurinn losaður úr búrunum og settur í poka. Þegar í land var komið var kræklingurinn frystur (-25°C). Í rannsóknunum var mikið lagt upp úr því að skapa sem bestar aðstæður fyrir kræklinginn í búrunum. Búrin voru því útbúin og kræklingurinn meðhöndlaður í samræmi við staðlaðar aðferðir við kræklingavöktun, m.a. ASTM staðalinn frá árinu 2001 þar sem áhersla er lögð á að kræklingurinn hafi gott rými til vaxtar og geti síð sjó óhindrað allan ræktunartímann (Salazar og Salazar 2001). Einnig var allri framkvæmd rannsókna þannig háttað að sem minnst hætta væri á að kræklingurinn laskaðist við flutning og meðhöndlun. Þann 16. september voru sjósýnin einnig tekin (bakteríur, svifagnir, blaðgræna, köfnunarefni og fosfór) og mælingar á súrefni, seltu, sýrustigi og hitastigi sjávar framkvæmdar.

Tafla 1. Númer kræklingastöðva, heildardýpi á stöðvunum (í metrum) og nánari lýsing og staðsetning þeirra.

Kræklingastöðvar		Dýpi (m)	Baughnit	
Stöð	Ánanaust		N-breidd	V-lengd
A1	Við útrásarenda dreifistúts (50 m austan við dreifistút)	31	64°11.017'	21°59.459'
A2	250 m suður af útrásarenda við dreifistút (50 m austan við dreifistút)	27	64°10.934'	21°59.397'
A3	500 m suður af útrásarenda við dreifistút (50 m austan við dreifistút)	20	64°10.792'	21°59.316'
A4	1000 m austan við útrásarenda	14	64°11.020'	21°58.014'
Klettagarðar				
K1	Við útrásarenda dreifistúts (50 m austan við dreifistút)	31	64°11.712'	21°55.843'
K2	250 m suður af útrásarenda við dreifistút (50 m austan við dreifistút)	31	64°11.658'	21°55.601'
K3	500 m suður af útrásarenda við dreifistút (50 m austan við dreifistút)	31	64°11.563'	21°55.363'
K4	300 m austan við dreifistút, út frá stöð K2	31	64°11.797'	21°55.500'
Hofsvík, Kjalarnesi				
H1	200 m norðvestan við útrásarenda	14	64°13.634'	21°50.277'
H2	50 m norðvestur frá útrásarenda	14	64°13.637'	21°50.142'
Hvalfjörður - viðmið				
Banki 1 og 2	Í Saurbæjarvík í Hvalfirði, um 8 km austan við Katanes	21	64°24.020'	21°35.780'



Mynd 1. Kræklingastöðvar við útrás frá Ánanaustum (A1 – A4) og Klettagarðum (K1 – K4) í Reykjavík. Kort: Veitur.



Mynd 2. Kræklingsstöðvar við útrás í Hofsvík á Kjalarnesi (H1 og H2). Kort: Veitur.



Mynd 3. Kræklingsstöð í Saurbæjarvík í Hvalfirði (banki 1 og banki 2; viðmiðunarstöðvar). Kort: ja.is.

2.2. Sjósýnatökur

Sjósýni voru tekin um borð í bátnum með því að dæla upp sjó af um 50 cm dýpi til mælinga á bakteríum (saurkólí og enterókokkum), svifögnum, blaðgrænu, heildar köfnunarefni og heildar fosfór (sjá viðauka I). Til mælinganna var sjósýnum safnað í 500 ml plastflöskur sem farið var með til greininga hjá Matís annars vegar (gerlamælingar og svifagnir) og Hafrannsóknastofnunar hins vegar (blaðgræna, köfnunarefni og fosfór). Fyrir heildar köfnunarefni og heildar fosfór voru sýnin melt með UV-geislun og mæliþættir ákvarðaðir með Segmented flow analyser. Fyrir blaðgrænumælingar voru

síaðir 500 ml af sjó í gegnum 2,4 µm glertrefjasíur og síurnar í kjölfarið settar í 10 ml af 90% acetoni. Mælingar á sjávarhita, súrefnismettun, sýrustigi og seltu fóru fram um borð í bátnum og notaður var Hanna HI 98194 pH/EC/DO multiparameter í eigu Náttúrustofu Suðvesturlands til mælinganna. Mælirinn var kvarðaður (kalibreraður) samdægurs fyrir mælingarnar. Til stöðlunar og til að sannreyna niðurstöður mælinganna var sjávarhiti jafnframt mældur með Therma 20 Metal Thermometer hitamæli og súrefnisinnihald sjávar með Handy Polaris TGP – OxyGuard.

2.3. Sýnaundirbúningur, aðferðafræði efnagreininga og gæðaeftirlit

Á Rannsóknasetri HÍ í Sandgerði var dánartíðni kræklinga metin. Í hvert sýni til efnagreininga voru notaðir 50 einstaklingar frá hverri stöð og sömu einstaklingar voru jafnframt notaðir til mælinga á vexti og holdafari. Hver einstaklingur var þyngdar- og lengdarmældur (hæð, breidd og þykkt skelja). Einnig var skráð heildarþyngd kræklinga, þyngd holds og þyngd skelja. Þessar mælingar voru í umsjón og framkvæmdar af Halldóri Pálmari Halldórssyni og Hermann Dreka Guls. Að lokum var öllum mjúkvæf þessara 50 einstaklinga safnað saman í sýrupvegnað glerkrukkur og sett í frysti. Sýnin voru síðan flutt frosin til Matís, þar sem þau voru afþídd, gerð einsleit og frostþurrkuð fyrir efnagreiningar.

2.4. Ólífræn snefilefni og meginþættir

Niðurbrot og mæling sýna hjá Matís var byggð á lýsingu í grein Jens Sloth o.fl. (2005) og NMKL nr. 186-2007 (NMKL 2007) og bestuð miðað við aðstæður hjá Matís, s.s. notkun á örbylgjuofni (UltraWave, Milestone) sem notaður var við niðurbrot sýnanna. Niðurbrotið var framkvæmt með aðstoð örbylgju. Hvert sýni var mælt frá grunni í tvísýni. Hvert tvísýni var 150–200 mg (nákvæmni upp á ± 0,1 mg) og komið fyrir í þar til gerðum quartz niðurbrotsglösum auk 1 ml af saltpéturssýru (HNO₃) og 1 ml af vetnisperoxíði (H₂O₂). Glösum var lokað og þau sett í örbylgjuofninn þar sem sýnin voru brotin niður. Að loknu niðurbroti voru sýnin færð yfir í 50 ml polypropylen rör og þynnt með afjónuðu vatni að 50 ml. Snefilefni í sýnunum voru mæld með ICP-MS-aðferð (e. inductively coupled plasma mass spectrometer). Styrkur ólífrænu snefilefnanna (arsen, ál, blý, járn, kadmín, kopar, króm, kvikasilfur, nikkel, selen, silfur, sink, og vanadín) í kræklingasýnunum var mældur samkvæmt faggiltum aðferðum í gæðahandbók Matís. Ákvarðanir á meginefnaþáttum voru gerðar samkvæmt faggildum aðferðum Matís; vatn, aska, fita og salt. Flúor var mældur hjá undirverktaka sem framkvæmir faggiltar flúormælingar með aðstoð ICPMS. Heildar niðurstöður eru sýndar í viðauka III.

2.4. Mælingar á PAH efnunum

Greiningar á PAH efnunum í kræklingi fóru fram á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, HÍ, undir stjórn Kristínar Ólafsdóttur. Sextán fjölhringa kolvatnsefni (16 EPA-PAH) voru mæld í mjúkvæf kræklingasýnanna: naftalene, acenaftylene, acenaftene, fluorene, phenanthrene, anthracene, fluoranthene, pyrene, benz(a)anthracene, chrysene, benzo(b)fluoranthene, benzo(k)fluoranthene, benzo(a)pyrene, indeno(1,2,3-cd)pyrene, dibenz(a,h)anthracene og benzo(ghi)perylene. PAH efni voru úrhlotuð úr kræklingi með fituútdrætti, en fitan hreinsuð með KOH/etanóli. Triklórnaftalene var notað sem innri staðall og PCB-116 og PCB-198 sem heimtustaðlar. Gæðaeftirlit fyrir þessar efnagreiningar fólst í mælingum á sýnum af kræklingi og seti frá QUASIMEME með þekktu magni allra 16 PAH efnanna sem voru greind með sýnunum og notuð þannig sem viðmiðunarsýni fyrir þessar mælingar (sjá nánar í viðauka IV).

3. Niðurstöður og umræður

3.1. Líffræðilegir þættir kræklings


Í viðauka II eru teknar saman niðurstöður rannsókna á líffræðilegum þáttum kræklingasýnanna. Samanburður á stærð, þyngd og ástandsstuðli kræklings á milli stöðva var gerður með einþátta fervikagreiningu (One-way ANOVA) og Tukey post-hoc prófi í kjölfarið en breytileikinn var jafndreifður og gögnin normaldreifð í öllum tilfellum. Ástandsstuðull (condition index) var reiknaður á eftirfarandi hátt samkvæmt ráðleggingum ICES (Hansson o.fl. 2017): þyngd vefs (g) / (lengd x breidd x hæð) x 1000.

3.2. Dánartíðni kræklings í búrum


Í hverju búri var talinn heildarfjöldi og fjöldi dauðra einstaklinga. Dánartíðni kræklings á stöðvum og í viðmiðunarsýnum var lág eða að meðaltali 4,4% (á bilinu 1,7–7,5%, staðalfrávik: 2,0). Að meðaltali voru 5,3 kræklingar dauðir af 120 einstaklingum á stöðvunum (fjöldi á bilinu 2–9, staðalfrávik: 2,4). Í heildina var því um fáa dauða einstaklinga að ræða og lítill munur á dánartíðni milli stöðva. Þetta teljast því eðlileg afföll og mjög áþekk því sem sést hafa í sambærilegum kræklingaverkefnum í Faxaflóa og Hvalfirði (t.d. Halldór Pálmar Halldórsson o.fl. 2017, Guðjón Atli Auðunsson o.fl. 2020).

3.3. Vöxtur og holdafar kræklings


Lengdaraukning kræklings var sambærileg á öllum stöðvum yfir vöktunartímabilið miðað við banka 1 eins og sést á **mynd 4**. Banki 1 (júlí) og banki 2 (september) eru sýni úr kræklingi sem notaður var til viðmiðunar, samanber umfjöllun í kafla 2.1. Út frá ástandsstuðli sem notast var við hér (**mynd 5**) má sjá að kræklingurinn hefur dafnað vel yfir vöktunartímabilið og er ástandsstuðullinn, að stöð A3 undanskilinni, marktækt hærri á öllum stöðvum samanborið við banka 2 í Hvalfirði, eins og búast hefði mátt við miðað við fyrri rannsókn (Guðjón Atli Auðunsson 2015b). Þetta gæti meðal annars bent til þess að meira fæðuaðgengi sé til staðar fyrir krækling á vöktunarstöðvum en í Hvalfirði. Sambærilegt munstur má sjá í þyngd holds kræklings (**mynd 6**) og er ekkert sem bendir til neikvæðra áhrifa á vöxt kræklings vegna nálægðar við fráveitur. Athyglisvert er að meiri breytileiki var til staðar á stöðvum við Ánanaust (A1-4) samanborið við Klettagarða (K1-4) bæði í þyngd holds og ástandsstuðli, en sambærilegur munur sást í rannsóknunum á svæðinu frá 2011 (Guðjón Atli Auðunsson 2015b). Mögulega er hægt að skýra þennan breytileika með mismunandi dýpi stöðva við Ánanaust (**tafla 1**).



Mynd 4. Meðallengd kræklinga (mm) frá öllum stöðvum. Mismunandi bókstafir sýna marktækan mun á milli stöðva ($p < 0,05$, einþátta fereikagreining og Tukey próf).




Mynd 5. Ástandsstuðull kræklinga frá öllum stöðvum. Mismunandi bókstafir sýna marktækan mun á milli stöðva ($p < 0,05$, einþátta fereikagreining og Tukey próf).



Mynd 6. Byngd holds (votvigt) hjá kræklingi frá öllum stöðvum. Mismunandi bókstafir sýna marktækan mun á milli stöðva ($p < 0,05$, einþátta ferkvadrátt og Tukey próf).

Meginefnabættir

Meginefnabættir eru sýndir í viðauka III og á mynd 7. Lítil munur er á sýnunum (fyrir utan banka 1) varðandi alla þrjá mæliþættina sem skoðaðir voru þ.e. aska, fita og salt, sem er í samræmi við þann litla mun sem er að finna heilt yfir í líffræðilegum þáttum.



Mynd 7. Niðurstöður mælinga á fitu, ösku og salti í kræklingum frá öllum stöðvum.

Kræklingurinn í banka 1 sker sig úr í lægra hlutfalli fitu og hærra hlutfalli ösku sem endurspeglar árstímann þar sem kræklingi var safnað í upphafi vaxtartímans, þ.e. í byrjun sumars. Niðurstöðurnar fyrir banka 2 gefa einnig til kynna að kræklingurinn hafi verið í góðu ástandi í upphafi rannsóknar en

mikil áhersla var lögð á að vaxtarrými og aðgengi að sjó væri í lagi allan ræktunartímann en notast var við staðlaðar aðferðir.

3.4. Sjósýni

Niðurstöður mælinga á sjósýnum eru sýndar í **töflu 2**. Nánari lýsing á staðsetningum kræklingastöðva er í **töflu 1**.

Tafla 2. Niðurstöður mælinga á sjósýnum ásamt hnitum og dýpi kræklingastöðva.

Stöð	Dags.	N.breidd	V.lengd	Dýpi fm	Dýpi m	Sjávarhiti				Selta psu	Saurkólí (fj/100mL)	Enterokokkar (fj/100mL)	Svifagnir (mg/L)	Blaðgræna (µg/L)	Köfnunarefni Total N (µmol/L)	Fosfór Total P (µmol/L)
						°C	O2 mg/L	O2 %	pH							
A1	16.sep	64°11.017'	21°59.459'	17	31	10,8	8,83	100	7,99	32,08	150	28	40	3,85	10,91	0,650
A2	16.sep	64°10.934'	21°59.397'	15	27											
A3	16.sep	64°10.792'	21°59.316'	11	20	10,8	8,89	100,1	7,99	31,95	19	7	36	3,89	11,10	0,647
A4	16.sep	64°11.020'	21°58.014'	8	14	10,8	8,81	100	7,99	32,1	51	10	38	3,69	11,15	0,661
K1	16.sep	64°11.712'	21°55.843'	17	31	10,8	8,58	98,3	7,94	32,09	65	5	41	2,76	11,56	0,631
K2	16.sep	64°11.658'	21°55.601'	17	31											
K3	16.sep	64°11.563'	21°55.363'	17	31	10,8	8,59	98,3	7,94	32,26	380	68	34	3,46	12,43	0,698
K4	16.sep	64°11.797'	21°55.500'	17	31	10,9	8,58	98,3	7,93	32,2	22	2	33	2,87	14,75	0,903
H1	15.sep	64°13.634'	21°50.277'	8	14											
H2	15.sep	64°13.637'	21°50.142'	8	14	10,9	8,86	100,1	8,14	32,43	1	0	32	2,93	14,49	0,729

Sjávarhiti, súrefni, selta og sýrustig er áþekkt á öllum stöðvum og eru sambærileg náttúrulegum gildum í Faxaflóa (Sjórannsóknir, Haf- og Vatn 2020, slóð: <https://sjora.hafro.is>). Það sama má segja um svifagnir í sjó sem mældust á bilinu 32 til 41 mg/L. Saurkólí og saurkokkar (enterokokkar) reyndust í hæstum styrk í sjó á A1 (við útrásarop frá Ánanaustum; 150 og 28 í fj/100 ml) og K3 (við upphaf dreifistúts frá Klettagörðum; 380 og 68 í fj/100 ml). Þar sem sjósýni voru tekin aðeins einu sinni að hausti yfir vöktunartímabilið takmarkar það túlkun gagna en öll mæld gildi voru innan þeirra marka sem kveðið er á um í reglugerð um fráveitur og skólp (nr. 798/1999). Samkvæmt reglugerðinni eru umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása þannig að „*fjöldi hitapolinna kólibaktería eða saurkólígerla eða saurkokka skal utan þynningarsvæðis í a.m.k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni*“. Allar stöðvarnar eru innan þynningarsvæðanna eins og þau eru heimiluð í starfsleyfum, þ.e. 1500-2500 metrar frá útrásunum frá Reykjavík og 500–600 metrar frá útrásinni við Kjalarnes. Sjósýnin reyndust því vel undir umhverfismörkum í öllum tilfellum, sem ætti jafnvel við þó þau hefðu verið tekin utan þynningarsvæða.

Dálítill breytileiki reyndist í styrk blaðgrænu, köfnunarefnis og fosfórs á milli stöðva en þó ekkert sem bendir til áhrifa vegna fráveitunnar. Heildarstyrkir köfnunarefnis og fosfórs eru sambærilegir eða ívið lægri en mældust á sömu svæðum að hausti árið 2008, og að vori og vetri árið 2011 (Guðjón Atli Auðunsson 2015c). Enn fremur eru gildin innan náttúrulegra marka sem áður hafa mælst í Faxaflóa (Sólveig R. Ólafsdóttir 2006). Samanborið við norsk viðmiðunargildi að vetri (desember-janúar) fyrir heildarnitur og heildarfosfór (Molvær o.fl. 1997) er ástandið við skólpútrásirnar mjög gott hvað

varðar styrk niturs þar sem lægstu viðmið eru 21 $\mu\text{M/L}$. Norsku viðmiðunarmörkin fyrir styrk heildarfosfórs eru 0,68 $\mu\text{M/L}$ og mældist styrkurinn yfir þeim mörkum á stöðvum K3 (0,7 $\mu\text{M/L}$), K4 (0,9 $\mu\text{M/L}$) og H2 (0,73 $\mu\text{M/L}$). Þessir styrkir eru þó undir meðalstyrk heildarfosfórs að vetri í Faxaflóa árið 2002 sem var 0,92 $\mu\text{M/L}$ (Sólveig R. Ólafsdóttir 2006) og er því, eins og rætt var hér að ofan, líklega um náttúrulegan styrk heildarfosfórs að ræða í Faxaflóa. Í þessari sömu rannsókn Sólveigar var meðalstyrkur heildarköfnunarefnis í Faxaflóa 13.7 $\mu\text{M/L}$.

Þegar allar stöðvar eru bornar saman og horft er til stöðva A4 (1000 m frá Ánanaustútrás) og K4 (300 m frá Klettagarðaútrás) sem liggja fjærst útrásunum, og tillit tekið til vatnsskiptahraða á svæðinu, má álykta að þynningarsvæðið út frá útrásunum sé innan við 1000 m.


3.4. Ólífræn snefilefni

Allar mælingar fóru fram á mjúkvef kræklinga, en breytileiki getur verið í votvigt kræklinga þar sem hann getur innihaldið mismikið af sjó við frystingu, og ætti því samanburður niðurstaðna á þurrvigtargrunni að gefa réttari mynd. Engu að síður er mikilvægt að hafa í huga að leyfileg hámarksgildi, t.d. til manneldis, miða yfirleitt við votvigt. Norðmenn hafa flokkað mengunarástand sjávar í flokka I til V út frá efnainnihaldi lífvera (þ.m.t. kræklinga). Svæði í flokka I teljast lítt eða ekki menguð en svæði í flokka V telst mikið mengað (Molvær o.fl. 2004). Þessi flokkun er höfð til hliðsjónar við túlkun niðurstaðna.

Niðurstöður mælinga á ólífrænum snefilefnum á votvigtargrunni er að finna í viðauka III (tafla V3-2), en allar niðurstöður hér að neðan eru reiknaðar á þurrvigtargrunni og rauða línan á myndunum tákna lægsta viðmið Norðmanna á þurrvigtargrunni (Molvær o.fl. 1997, 2004) en slík viðmið eru ekki til fyrir ál, járn, selen og vanadín. Fylgni á milli mismunandi efna var prófuð með Spearman's rho fylgniprófi í þeim tilgangi að greina mögulegan uppruna efnanna úr seti.

Ál (Al)


Álstyrkur í mjúkvef kræklinga á þurrvigtargrunni er sýndur á **mynd 8**. Lítið er til um sambærilegar rannsóknir á áli og t.d. eru ekki til viðmiðunarmörk fyrir ál í kræklingi eða öðrum lífverum sjávar né hafa verið sett hámarksgildi á styrk áls í matvælum. Niðurstöðurnar sýna lækkun í álstyrk yfir ræktunartímann á öllum stöðvum fyrir utan H1 og H2 í Hofsvík en álstyrkur er ívið hærri á banka 1 og 2 miðað við Ánanaust. Talsvert lægri gildi komu fram í kræklingi við fráveituna frá Klettagörðum sem skýra má með meira dýpi á þeim stöðvum. Rannsóknir í Hvalfirði í tengslum við iðjuverin á Grundartanga hafa sýnt að styrkur áls er yfirleitt hærri á 5 metra dýpi miðað við 1 metra dýpi (Hrönn Jörundsdóttir o.fl. 2014), sem er líklega vegna meiri nálægðar við botnsetið, en ál hefur sterka viðloðun við föst efni, einkum lífrænar agnir og er almennt talið að ál í kræklingi sé tilkomið vegna áhrifa frá seti (Guðjón Atli Auðunsson 2015b).



Mynd 8. Styrkur áls í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvígt.

Arsen (As)


Á mynd 9 er styrkur arsens sýndur á þurrvigtargrunni. Allar stöðvar eru áþekkar og undir lægsta viðmiðunargildi Norðmanna (10 mg/kg þ.v.) og flokkast því í fyrsta flokk af fimm. Sambærilegur styrkur arsens og mældist hér er algengur fyrir krækling við strendur Íslands eða um 10 mg/kg (Erla Sturludóttir o.fl. 2013) og teljast þessar niðurstöður því áþekkar því sem sést í kræklingi hér við land á ósnortnum svæðum og því ekki um áhrif frá skólpútrásum á Sundunum að ræða.




Mynd 9. Styrkur arsens í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvígt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 10 mg/kg þurrvígt (Molvær o.fl. 1997).

Blý (Pb)

Myndir **10** og **11** sýna styrk blýs, þar sem niðurstöðurnar eru sýndar með og án lægsta viðmiðunargildi í Noregi. Greina má örtilta hækkun í blýstyrk á stöðvum A3 og A4 við útrásina frá Ánanaustum en í öllum sýnunum er styrkurinn langt undir lægsta umhverfisviðmiði Norðmanna sem er 3 mg/kg þ.v. Niðurstöður vöktunar á ólífraenum snefilefnum í kræklingi sem safnað var á 11 stöðum kringum landið vöktunarárið 2011 sýna að blýstyrkur var á bilinu 0,03 til 0,42 mg/kg, en að meðaltali 0,15 mg/kg þ.v. Blýið hefur haldist sambærilegt og í fyrri rannsókn frá 2011 og er ekki um sýnileg áhrif sökum fráveitu að ræða.




Mynd 10. Styrkur blýs í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 3 mg/kg þurrvigt (Molvær o.fl. 1997).



Mynd 11. Styrkur blýs í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt.

Flúor (F)

Mynd 12 sýnir styrk flúors í vef kræklinga. Flúor hefur ekki verið mældur áður í viðtakarannsóknnum en hefur mælst hæstur í fjörukræklingnum úr Hvalfirði (banki 1) og fer lækkandi á öllum stöðvum yfir vöktunartímabilið. Rauð lína sýnir lægstu viðmiðunargildi frá Noregi og mælast öll gildi ríflega helmingi lægri.




Mynd 12. Styrkur flúors í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunargildum í mg/kg burrvigt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnstyrk) í Noregi, þ.e. 15 mg/kg burrvigt (Molvær o.fl. 1997).

Járn (Fe)


Á mynd 13 má sjá styrk járns í kræklingi á þurrvigtargrunni. Á öllum stöðvum í kræklingavöktun við Grundartanga í Hvalfirði mælist járnstyrkur að jafnaði hærri á 5 m dýpi (sambærilegt við kræklinginn í þessari rannsókn) miðað við krækling á 1 m dýpi (Hrönn Jörundsdóttir o.fl. 2014), sem er áþekk hegðun og fyrir ál, og fæst mikil jákvæði fylgni sömuleiðis milli áls og járns (mynd 14). Járn telst ekki til mengunarefna og finnst oft í miklum mæli í sjávarseti (Guðjón Atli Auðunsson 2015). Mæld gildi eru sambærileg þeim sem mældust í fyrri rannsókn frá 2011, þó hæstu toppar í banka 1 og A3-4 og H1-2 séu ívið lægri þeim toppum sem sáust 2011. Breytileika í styrk járns milli stöðva má skýra með mismunandi dýpi, en marktæk neikvæð fylgni mælist þar á milli ($p = 0,004$), og er því hæstan styrk járns að finna á grynustu stöðvunum, þ.e. banki 1, A3-4 og H1-2. Því bendir allt til að styrkur járns sé hér af náttúrulegum toga en tengist ekki útrásunum. Ekki eru til viðmiðunarmörk fyrir járn í kræklingi eða öðrum lífverum sjávar né hafa verið sett hámarksgildi á styrk járns í matvælum enda um nauðsynlegt snefilefni að ræða.

Þessi áhrif frá seti á sjávarbotni eru einnig sjáanleg í öðrum efnum sem finnast náttúrulega í seti, líkt og rætt var um varðandi ál í kræklingi hér að ofan. Með því að skoða fylgni áls og járns ($p < 0,001$) á mynd 14 má álykta að uppruni þeirra sé náttúrulegur. Sterk jákvæð fylgni mældist einnig milli járns

og vanadíns ($p < 0,001$), króms ($p < 0,001$) og blýs ($p < 0,01$) sem bendir til hins sama, þ.e. að uppruni efnanna sé af náttúrulegum toga.




Mynd 13. Styrkur járns í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt.



Mynd 14. Fylgni járns (Fe) og áls (Al) í kræklingi frá öllum stöðvunum.

Kadmín (Cd)

Styrkur kadmíns er sýndur á mynd 15. Styrkur kadmíns lækkaði yfir ræktunartímann á viðmiðunarstaðnum í Hvalfirði en hann reyndist talsvert hærri við útrásir frá Ánanaustum og Klettagörðum. Skýringin á þessari lækkun á viðmiðunarstaðnum liggur líklega í því að kræklingurinn hrygnir á tímabilinu júlí – ágúst í Hvalfirði og breytist efnasamsetning hans við það. Líklega eru það því líffræðilegar og árstíðabundnar breytingar sem orsaka þessa lækkun í styrk kadmíns og fleiri efna í kræklingi yfir ræktunartímann. Almenn er kræklingur við Ísland hlutfallslega hár í kadmíni af náttúrulegum orsökum, þ.e. vegna eldvirkni og bergrofs. Niðurstöður árlegrar vöktunar á ólífrænum snefilefnum í kræklingi hafa sýnt kadmínstyrk á bilinu 1,3–1,7 mg/kg þ.v. á sömu sýnatökustöðum í Hvalfirði (sambærilegt við banka 2) mælt yfir 20 ára tímabil (1990 – 2010). Þau gildi eru áþekk niðurstöðum fyrir kadmín í kræklingi frá lítt eða ómenguðum svæðum eins og Hvassahrauni (Erla Sturludóttir o.fl. 2013).




Mynd 15. Styrkur kadmíns í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvígt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 2 mg/kg þurrvígt (Molvær o.fl. 1997).

Að því sögðu mældist kadmínstyrkur töluvert hærri við Ánanaust og Klettagarða samanborið við banka 2 og H1 og H2, auk þess sem styrkurinn reyndist einnig hærri nú (á bilinu 3,1–5,2 mg/kg þ.v.) miðað við rannsóknina á útrásum frá Ánanaustum og Klettagörðum árið 2011 (á bilinu 2,5–3,4 mg/kg þ.v.; Guðjón Atli Auðunsson 2015b). Ekki er því hægt að útiloka að greina megi áhrif skólpútrása á styrk kadmíns en augljósar uppsprettur af mannavöldum sem gætu skilað sér í hækkuðum kadmínstyrk með fráveitunum eru þó ekki kunnar höfundum þessarar skýrslu. Hins vegar stóð yfir eldgos í Fagradalsfjalli yfir rannsóknartímann og þó óljóst sé hvort það gæti haft bein áhrif til hækkunar á kadmíni þá eru til dæmi um það að kadmín berist með gjósku frá eldfjöllum töluverðar vegalengdir, og er þá á vatnsleysanlegu formi (Ilyinskaya o.fl. 2021). Það er því ekki hægt að útiloka að kadmín hafi þannig borist í skólpið með ofanvatni eða öðrum hætti.

Kopar (Cu)


Mynd 16 sýnir styrk kopars í kræklingnum og sjá má að styrkurinn er ávallt undir lægstu umhverfismörkum í Noregi fyrir bakgrunnstyrk kopars (10 mg/kg þ.v.) (Molvær o.fl. 1997). Einnig kom fram marktæk jákvæð fylgni á milli fituinnihalds og kopars í kræklingunum ($p < 0,01$) sem gefur til kynna að staðbundinn (og árstíðabundinn) breytileiki í fæðuframboði hafi áhrif á koparstyrk í vef dýranna. Styrkur kopars er svipaður því sem hefur mælst í fyrri rannsóknum (Guðjón Atli Auðunsson 2015b) og ekkert sem bendir til þess að um áhrif frá skólpútrásum sé að ræða.



Mynd 16. Styrkur kopars í vef kræklings á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 10 mg/kg þurrvigt (Molvær o.fl. 1997).

Krómi (Cr)


Mynd 17 sýnir styrk króms í mjúkvaf kræklings. Styrkur króms á öllum stöðvunum er langt undir lægsta viðmiði Norðmanna. Mæld gildi eru áþekk eða ívið hærri (0,30—0,72 mg/kg þ.v.) en mældust árið 2011 (0,22—0,36 mg/kg þ.v.). Ekki eru þó sjáanleg áhrif í krómstyrk sökum útrásaropa. Upptaka króms er almennt háð vexti kræklingsins, nálægð kræklingsins við botnset (sjá umræðu um járn) og einnig er jákvætt samband milli krómstyrks og hlutfalls ösku í kræklingi ($p < 0,03$).



Mynd 17. Styrkur króms í vef kræklings á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 3 mg/kg þurrvigt (Molvær o.fl. 1997).

Kvikasilfur (Hg)


Kvikasilfur mælist í mjög lágum styrk (**mynd 18**) og var svipað eða ívið lægra í samanburði við fyrri rannsóknir á Sundunum (Guðjón Atli Auðunsson 2015b). Ásamt því eru allar stöðvar í þessari rannsókn áþekkar banka 2 og því ljóst að engin áhrif er að sjá frá fráveitunum.



Mynd 18. Styrkur kvikasilfurs í vef kræklings á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 0,20 mg/kg þurrvigt (Molvær o.fl. 1997).

Nikkel (Ni)


Nikkel mælist í mjög lágum styrk í kræklingunum (**mynd 19**) líkt og í fyrri rannsóknum (Guðjón Atli Auðunsson 2015b). Gildin mælast vel undir viðmiðunarmörkum Normanna og eru áþekk þeim sem mælast í banka 2, ekki er því um áhrif frá fráveitu að ræða.



Mynd 19. Styrkur nikkels í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvigt. Rauða línan sýnir lægstu umhverfismörk (bakgrunnsstyrk) í Noregi, þ.e. 5 mg/kg þurrvigt (Molvær o.fl. 1997).

Selen (Se)


Selen (**mynd 20**) mælist ívið lægra en í fyrri rannsókn frá 2011 (Guðjón Atli Auðunsson 2015b). Niðurstöður árlegrar vöktunar á ólifrænum snefilefnum í kræklingi sem safnað var á 11 stöðum kringum landið sýna að selenstyrkur í kræklingi var að meðaltali 2,3 mg/kg þ.v. árið 2011 (Hrönn Jörundsdóttir o.fl. 2013). Langtímarannsókn sýnir að styrkurinn hefur sveiflast á bilinu 2,1 – 3,5 mg/kg þ.v. á síðastliðnum 20 árum (Erla Sturludóttir o.fl. 2013) sem er svipaður styrkur og mælist í þessari rannsókn og er svæðið samkvæmt þessu ekki undir álagi selens. Ekki hafa verið sett viðmiðunarmörk fyrir selen í kræklingi eða öðrum lífverum sjávar né eru til hámarksgildi fyrir styrk selens í matvælum enda um lífsnauðsynlegt snefilefni að ræða.



Mynd 20. Styrkur selens í vef kræklinga á vöktunarstöðvum ásamt viðmiðunarstöðvum í mg/kg þurrvígt.

Silfur (Ag)

Silfur (**mynd 21**) mældist í ívið hærri styrk (0,05-0,12 mg/kg þ.v.) í kræklingi miðað við fyrri rannsókn frá 2011 (0,06—0,075 mg/kg þ.v.) (Guðjón Atli Auðunsson 2015b) en þó eru mæld gildi mjög lág og vel undir viðmiðunarmörkum Norðmanna. Styrkur silfurs mældist einnig hærri á öllum stöðvum samanborið við banka 1 og 2 sem bendir til mögulegra áhrifa frá fráveitum.




